ÁRSSKÝRSLA 2016

ORKUBÚ VESTFJARÐA

39. STARFSÁR

ÁRSSKÝRSLA 2016

ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.

39. STARFSÁR

EFNISYFIRLIT

Stjórn og stjórnskipulag	3
Formáli	4
Ávarp stjórnarformanns	6
Helstu framkvæmdir ársins 2016	8
Helstu framkvæmdir ársins 2017	9
Endurbygging Mjólkárvirkjunar	10-11
Íbúafjöldi á orkuveitusvæði OV	12
Ársreikningur	**13-29**
Raforkukerfi Vestfjarða	30
Rekstrartruflanir 2016	31
Vatnsaflsvirkjanir	32
Kyndistöðvar	31
Díselstöðvar	34
Orkuöflun	35
Orkudreifing	36

Forsíðumynd: Ingimundur J. við Mýrarárvirkjun. Ljósm.: Þorsteinn Bragason.
Umsjón: Orkubú Vestfjarða ohf.
Hönnun og umbrot: Athafnagleði ehf (Bæjarins besta)

Þjálfun

STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG

Formaður:	Viðar Helgason
Varaformaður:	Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Ritari:	Viktoría Rán Ólafsdóttir
	Halla Signý Kristjánsdóttir
	Daníel Jakobsson
Varamenn:	Ragnheiður Hákonardóttir
	Steinþór Bjarni Kristjánsson
	Kristinn Hjörtur Jónasson
	Magni Hreinn Jónsson
	Óskar Albert Torfason

Skipurit
Orkubús Vestfjarða ohf.

FORMÁLI

Elías Jónatansson

Orkubú Vestfjarða á sterkar rætur í samfélaginu á Vestfjörðum. Fyrirtækið hefur sérstöðu á íslenska raforkumarkaðnum að því leyti að framleiðsla, sala og dreifing raforku er þar undir einum hatti. Önnur orkufyrirtæki eru annaðhvort í framleiðslu og sölu eða í dreifingu. Fyrirtækið rekur einnig hitaveitur, bæði jarðvarmaveitur og rafkyntar hitaveitur.

Öryggi afhendingar

Óhætt er að fullyrða að Orkubú Vestfjarða sinnir einhverju mest krefjandi veitusvæði landsins hvað veður áhrærir. Svæðið er einnig strjálbýlt og því eru lagnaleiðir langar, en samtals er háspennudreifikerfið bæði línur og jarðstrengir yfir 1.000 km. Margir þéttbýlisstaðirnir eru hringtengdir við dreifikerfið og hafa auk þess aðgang að varaafli, en á öðrum stöðum byggir afhending á svokölluðum geislatengingum þ.e. einungis er hægt að afhenda raforku eftir einni megintengingu. Þar sem þannig háttar til er gott aðgengi að varaafli afar mikilvægt. Þess má geta til samanburðar að allt flutningskerfi Landsnets er um 3.300 km að lengd og þar af er meginflutningskerfið um 2.100 km að lengd. Línur Landsnets eru þó mun öflugri, enda er kerfi Landsnets rekið á 66 til 220 kV spennu á meðan Orkubú Vestfjarða rekur sitt kerfi að mestu á 11 til 66 kV spennu.

En afhendingaröryggi Orkubús Vestfjarða á raforku byggist ekki eingöngu á dreifikerfi félagsins á Vestfjörðum. Fyrirtækið kaupir talsvert af þeirri orku sem það dreifir af framleiðendum utan Vestfjarða og rétt er að hafa í huga að Vestfirðir í heild eru geislatengdir við megin raforkukerfi landsins. Þannig skiptir öryggi flutningskerfis Landsnets allt frá Hrútatungu í Hrútafirði og innan Vestfjarða að tengipunktum Landsnets miklu máli varðandi afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Með nýrri varaaflsstöð Landsnets í Bolungarvík, þar sem uppsett afl er 10,8 MW, hefur afhendingaröryggi aukist verulega á Vestfjörðum. Stöðin er með sjálfvirkri ræsingu þannig að hægt er að koma rafmagni á innan tveggja mínútna eftir rof. Orkubú Vestfjarða á hinsvegar einnig varaaflsstöðvar í þéttbýliskjörnum víða á Vestfjörðum og hefur unnið að sjálfvirkri ræsingu þeirra stöðva með sambærilegum viðbragðstíma. Sjálfvirkri ræsingu verður þó ekki hægt að koma við á öllum varaaflsstöðvum nema með talsverðri fjárfestingu og endurnýjun á búnaði. Þá má ekki gleyma að Orkubú Vestfjarða er með 100% varaafl í varmaorku á bak við rafskautakatla sem tengjast fjarvarmaveitum. Þar er um að ræða varaafl sem nemur yfir 20 MW í varmaorku frá olíukötlum. Eðli málsins samkvæmt þá er dreifikerfið talsvert dýrara vegna fjárfestingar í varaafli, en segja má að á bakvið nánast allt það afl sem Orkubú Vestfjarða afhendir sé tvöföld fjárfesting.

Orkubú Vestfjarða lítur á það sem hlutverk sitt m.a. að standa vörð um hagsmuni Vestfirðinga hvað varðar afhendingaröryggi raforku. Í því felst m.a. að koma áherslum í því efni á framfæri við Landsnet sem nú er að vinna kerfisáætlun fyrir árið 2016 til 2025. Orkubú Vestfjarða hefur í því sambandi lýst ánægju sinni með áform um hringtengingu afhendingarstaða Landsnets á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum, en leggur einnig áherslu á að nýr tengipunktur Landsnets verði að veruleika innst í Ísafjarðardjúpi.

Stefnumótun og framtíðarsýn

Vinna er hafin við stefnumótun fyrir Orkubú Vestfjarða. Hvað orkuöflun varðar þá er markið sett á að auka eigin orkuöflun verulega, en af þeim 251 GWst sem Orkubú Vestfjarða dreifði til notenda árið 2016 voru 144 GWst keyptar af öðrum, þar af voru 79 GWst raforka á rafskautakatla til hitunar. Nokkrir kostir eru til skoðunar varðandi orkuöflun og hefur Orkubú Vestfjarða

Elías Jónatansson tekur við lyklunum úr hendi Kristjáns Haraldssonar

sett talsverða fjármuni í rannsóknir virkjanakosta á undanförnum árum og áratugum. Einnig kemur til greina að nýta volgrur (jarðvarma) inn á varmadælur og draga þannig úr raforkunotkun inn á rafskautakatla þar sem fjarvarmaveitur eru fyrir hendi.

Orkubú Vestfjarða mun í sumar setja upp tvær öflugar hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla og verður þannig þátttakandi í orkuskiptum í samgöngum. Fyrstu stöðvarnar verða settar upp á Hólmavík og á Patreksfirði, en vænta má að fleiri slíkar fylgi í kjölfarið.

Nýtt smáforrit fyrir snjallsíma er nú tilbúið til dreifingar bæði fyrir Android síma og Apple síma. Forritið er alfarið hannað af starfsmönnum Orkubús Vestfjarða. Því er ætlað að gefa notendum samstundis upplýsingar um stöðu mála ef útsláttur verður í kerfinu. Kerfið er búið að vera í smíðum og prófunum frá því í haust og lofar mjög góðu. Það hefur sýnt sig að upplýsingar um atburði og stöðu mála geta verið komnar til notenda aðeins örfáum mínútum eftir að atburður verður. Fyrstu upplýsingar berast jafnvel innan örfárra sekúndna. Áfram verður unnið að því að þróa upplýsingagjöf til notenda, bæði hvað varðar dreifingu og sölu orku og auðvelda þannig notendum að verða meðvitaðri um orkunotkun sína og hugsanlega sparnaðarmöguleika.

Reksturinn

Hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða árið 2016 nam 96,5 milljónum króna og leggur stjórn félagsins til að greiddur verði 60 milljóna króna arður. Eigið fé félagins er 5,8 milljarðar króna eða 71%. Framlegð, EBIDTA, var 487 milljónir króna og nam veltufé frá rekstri 503 milljónum króna. Fjárfestingar ársins námu 716 milljónum króna. Orkubú Vestfjarða stendur eignalega vel, en stendur frammi fyrir áskorunum í að auka arðsemi félagsins, um leið og stefna þarf að aukinni eigin orkuöflun. Þetta tvennt á sem betur fer að geta farið vel saman.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki Orkubús Vestfjarða og stjórn fyrir gott samstarf.

Elías Jónatansson,
orkubússtjóri

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Veður er mikilsverður áhættuþáttur í rekstri fyrirtækis eins og Orkubús Vestfjarða. Á undanförnum árum hafa veðraþættir eins og úrkoma og þar með vatnsöflun til raforkuframleiðslu og erfiðir vetrarstormar sem herja á dreifikerfi haft umtalsverð áhrif á rekstur Orkubú Vestfjarða. Á síðasta ári hafði veður einnig áhrif á starfsemi þar sem gott tíðarfar dró úr sölu orku til hitunar.

Þessi veðrarbrigði sýna vel hversu lítið fyrirtæki eins og Orkubú Vestfjarða er viðkvæmt fyrir því sem gerist og það getur ekki haft áhrif á. Orkubú Vestfjarða hefur að vísu lagt sig fram við endurbætur dreifikerfa og uppsetningu á varaaflstöðvum til að mæta veðraáhrifum eins og kostur er viðskiptavinum sínum til hagsbóta, en ekki er við allt ráðið.

Afkoma síðustu tveggja ára er langt frá því sem æskilegt væri og þarf að skjóta styrkari stoðum undir tekjuöflun félagsins. Lykilatriði í því felast í að auka rekstrarlega hagkvæmni og auka orkuframleiðslu félagsins. Stjórn félagsins vinnur nú að nýrri stefnumótun til að skerpa áherslur í starfsemi þess til næstu ára og áframhaldandi.

Megin viðskiptavinir Orkubús Vestfjarða eru íbúar og fyrirtæki á Vestfjörðum. Þeir sömu og eru lykilhagsmunaaðilar sveitarfélaganna sem þeir búa í.

Á þessu ári eru 40 ár liðin frá því að Orkubú Vestfjarða var stofnað og hóf það starfsemi 1. janúar 1978. Orkubú Vestfjarða hefur leikið stórt hlutverk í þróun Vestfjarða sem samfélags þennan tíma. Síðan þá hefur fyrirtækið lagt sig fram um að bæta þjónustu sína viðskiptavinum sínum til hagsbóta. Við stofnun þess voru lagðar inn í félagið eignir RARIK á Vestfjörðum og rafveitur og virkjanir sem sveitarfélög ráku. Einnig lögðu sveitarfélögin inn í félagið vatnsréttindi sem þau áttu og kunnu að eignast, til að tryggja getu félagsins til raforkuframleiðslu.

Í upphafi var Orkubú Vestfjarða í sameiginlegri eigu ríkissjóðs og sveitarfélaganna, en sem liður í björgunaraðgerðum vegna erfiðrar stöðu sveitarfélaga á Vestfjörðum varð úr að ríkissjóður keypti hlut sveitarfélaga af þeim upp úr aldamótum og hefur síðan átt félagið eitt. Sú aðgerð vóg þungt í að bæta stöðu sveitarfélaganna og hjálpa þeim með lögbundin verkefni sín í þjónustu við íbúa sína.

Víðast um land vinna sveitarfélög ötullega með fyrirtækjum á starfssvæði sínu að styðja við þau eins og mögulegt er til að treysta atvinnu og til að skapa betra samfélag með góðu samstarfi og þannig gera sveitarfélagið að fýsilegri búsetukosti. Á undanförnum árum hefur borið á því að vestfirsk sveitarfélög hafi brotið gegn hagsmunum Orkubús Vestfjarða, með því að selja eða vinna að samningum um réttindi sem þau lögðu inn í Orkubú Vestfjarða fyrir 40 árum. Orkubú Vestfjarða hefur átt í viðræðum um þessi mál og lausn þeirra við sveitarfélögin og aðra aðila, með litlum árangri til þessa. Orkubú Vestfjarða hefur orðið fyrir nokkrum kostnaði af þessu og langtímaáhrif yrðu veruleg ef réttindi þessi verða tekjuöflun annarra en Orkubús Vestfjarða. Þegar samningaumleitanir hafa ekki skilað ásættanlegum niðurstöðum, er það skylda stjórnar félagsins að leita til dómstóla til að gæta hagsmuna þess og eigandans.

Nærtækara væri að sveitarfélögin stæðu með Orkubúi Vestfjarða og styddu það í viðleitni félagsins til þess að vaxa og dafna, til að geta bætt þjónustu á starfssvæði sínu áframhaldandi. Í því fælist styrkur fyrir Vestfirði.

Stjórnarmönnum Orkubús Vestfjarða og starfsmönnum Orkubús Vestfjarða þakka ég fyrir vel unnin störf, gott samstarf og samskipti á liðnu ári sem og viðskiptavinum fyrirtækisins og Vestfirðingum öllum.

Viðar Helgason,
formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða

Hreinn og Ari við vinnu á Hrafnseyrarheiði

HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2016

Orkusvið

Unnið var við lóðarframkvæmdir og annan frágang við stöðvarhús Fossárvirkjunar. Ný 3 MW vél var sett upp í stað 2,4 MW vélar frá 1958 í Mjólká ásamt breytingu á stöðvarhúsinu. Borgarhvilftarvatn sem er inntakslón Mjólkár I var tæmt í fyrsta sinn frá 1958 og inntaksmannvirki skoðuð og lagfærð.

Birgir Örn skiptir út síðasta skífumælinum

Gamall og nýr mælir

Boðinn var út nýr vélaspennir 15 MVA sem verður tekinn í rekstur 2017. Eldri 10 MVA spennir frá 1976 verður aflagður.

Sótt var um rannsóknaleyfi fyrir tveimur nýjum virkjunum á Glámuhálendi. Haldið var áfram með borun á hitastigulsholum á Laugum í Súgandafirði.

Pálmi og Kjartan vinna að hitaveitu

Veitusvið

Plægðir voru dreifistrengir í Dýrafirði og Önundarfirði þar sem háspennulínur höfðu farið illa í óveðri í desember árið áður.

Háspennurofar voru endurnýjaðir í rafstöð í Súðavík.

Nýtt rofahús með launaflsspólu var sett og tengt við Krossholt Barðaströnd, jarðstrengur tekinn í notkun og nýjar jarðspennistöðvar tengdar inn á hann.

Endurnýjaðar voru raflagnir og þveranir hitaveitu í Aðalstræti á Patreksfirði þar sem Vesturbyggð vinnur að endurnýjun yfirborðs götunnar. Ný spennistöð var tengd á Gileyri á Tálknafirði og önnur við hafnarsvæðið á Bíldudal.

Drangsneslína var lagfærð og sett í jarðstreng vegna breytinga á þjóðvegi yfir Bjarnafjarðarháls.

Unnið var við tengingar lágspennuheimtauga inn á nýjan jarðstreng milli Borðeyrar og Hólmavíkur ásamt því að tengd var launaflsspóla við spennistöð á Borðeyri sem er nauðsynlegt vegna jarðstrengsins.

Rafbúnaður á Reykjanesi var mikið endurnýjaður. Spenna hækkuð og tengd ný spóla sem leiðréttir launaflsflæði í kerfinu.

Í Ísafjarðardjúpi var plægður niður jarðstrengur milli Nauteyrar og Blævardalsárvirkjunar. Þessi línukafli lagðist að mestu niður í sama veðri í desember.

Frá Látrum að Skarðseyri í Skötufirði var línan endurnýjuð með jarðstreng. Þarna var unnið í samstarfi með Neyðarlínunni og plægður niður ljósleiðara í sömu framkvæmd. Jarðstrengur er nú frá Steingrímsfirði á Ströndum að Skarðseyri í Skötufirði.

HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2017

Feðgarnir Birgir og Birgir Örn vinna við tengivirki á Barðaströnd

Sveinn Rúnar vinnur við tengingu spennistöðvar við Skjaldvararfoss á Barðaströnd

Orkusvið

Unnið verður að uppsetningu á pípubrotsloka ásamt öðrum endurbótum á inntaksmannvirkjum og fylling á stíflugörðum lagfærð í Fossavatni í Engidal.

Unnið verður við frágang á stöðvarhúsinu í Mjólká eftir vélaskipti 2016. Nýr 15 MVA vélaspennir verður tekinn í rekstur með 11 kV 3,5 MVA vafi fyrir nýja flutningsleið gegnum væntanleg Dýrafjarðargöng til Þingeyrar. Unnið verður að leyfisveitingum fyrir Hófsárveitu efri sem bætir miðlunarleysi Mjólká I og III.

Haldið verður áfram borun á þremur til fjórum hitastigulsholum á Laugum í Súgandafirði. Niðurstaða á borunum verður metin með það fyrir augum að kanna fýsileika þess að bora nýja vinnsluholu sem gæti orðið til þess að Suðureyri yrði sjálfbær með jarðhita.

Jarðhitasvæðið á Reykhólum verður afkastamælt og í framhaldinu skoðað hvernig skuli staðið að afhendingu á jarðhitavatni til nýrra stórnotanda.

Veitusvið

Jarðstrengir verða lagðir frá aðveitustöð á Skeiði í Dýrafirði að væntanlegum gangnamunna fyrir Dýrafjarðargöng. Vinnuheimtaug fyrir gerð ganganna verður einnig tengd Arnarfjarðarmegin.

Nýr vélaspennir 15 MVA verður settur upp í Mjólká. Þessi spennir er nauðsynlegur bæði vegna Dýrafjarðarganga sem og stækkun vélar 2 í Mjólká.

Arnardalslína verður endurnýjuð og verður í lok sumars öll fædd með 3ja fasa jarðstreng.

Unnið verður að því að auka sjálfvirkni við stýringu kyndistöðva gegnum fjargæslu.

Sett verður upp rofahús í Patreksfirði fyrir Rauðasandslínu og í spennistöð á Stekkum verður búnaður endurnýjaður.

Haldið verður áfram að endurnýja dreifilínur með jarðstrengjum. Áhersla árið 2017 verður í Reykhólahreppi og Strandabyggð.

Unnið verður að því að bæta jarðstöðvum inn á Strandastrenginn sem nú nær frá Borðeyri til Hólmavíkur.

Stefnt er að því að plægja jarðstrengi í Mjóafirði og Laugardal í sumar.

ENDURBYGGING MJÓLKÁRVIRKJUNAR

Þórarinn að koma rafal ásamt undirstöðum fyrir

Ágrip

Á árinu 1956 hófu Rafmagnsveitur ríkisins byggingu virkjunar í Mjólká sem nýtti fallið úr Borgarhvilft niður í Borgarfjörð, u.þ.b. 210 m. Miðlun í vatninu er 0,35 Gl, heildarlengd á stíflum er 470 metrar og yfirfall 30 metra langt. Þrýstipípan er 987 metrar úr stáli. Þvermál efst er 800 mm og neðst 700 mm. Vatnshverfill er af Pelton gerð, 500 sn/mín og ástimplað afl rafala er 2,4 MW. Virkjunin tók til starfa árið 1958.

Á árunum 1958 til 1960 lauk tengingu Mjólkárvirkjunar við kauptúnin frá Patreksfirði til Bolungarvíkur, ásamt tengingu við Reiðhjallavirkjun. Hér er um allmikið línukerfi að ræða sem liggur yfir hinar háu heiðar Vestfjarða með sæstrengi yfir ála Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Þessi veita var nefnd Mjólkárveita.

Á árinu 1972 hófu Rafmagnsveitur ríkisins síðan undirbúning að annarri virkjun í Mjólká sem nýtir fallið úr Langavatni og niður í Borgarfjörð, u.þ.b. 490 m, og tók sú virkjun til starfa árið 1976, 5,7 MW að stærð. Afl virkjunarinnar er samtals 8,1 MW. Auk Langavatns þá var Tangavatnsmiðlun byggð og saman mynda þær 4,4 Gl miðlun.

Árið 1976 var Hofsárveita gerð til að auka innrennsli í Borgarhvilftarvatn, inntakslón Mjólkár I, til að bæta að hluta upp töpuðu innrennsli vegna Mjólkár II. Það var gert með því að byggja stíflu í Hofsánni fyrir botni Hofsárdals og veita vatninu í Borgarhvilftarlæk.

Þann 1. janúar 1978 var Orkubú Vestfjarða stofnað og tók við rekstri Mjólkárvirkjana.

Byggingu Vesturlínu var lokið árið 1980 og þar með komst Mjólkárveita í tengingu við landskerfið. Fram að þeim tíma var Mjólkárvirkjun grunnaflstöð fyrir svæðið en nú framleiðir stöðin beint inná kerfi Landsnets.

Endurbygging

Árið 2010 hófst endurbygging virkjunarinnar. Fyrst var Mjólká III byggð sem er í rauninni þrep fyrir ofan Mjólká I. Stíflurnar í landhæð 318 m y.s. sem veittu vatni úr Mjólkánni að inntaki Mjólká I og voru byggðar þegar virkjunin tók til starfa árið 1958, er nú inntakslón Mjólká III. Virkjunin skilar vatninu frá sér í sömu hæð og inntak Mjólká I er. Byggt var 60 m2 stöðvarhús ofan við Borgarhvilftarvatn og er virkjunin 1,2 MW.

Árið 2011 var vél fyrir Mjólká II frá árinu 1975 skipt út fyrir 7 MW vél. Aflaukningin var möguleg vegna betri nýtni og umframflutningsgetu pípunnar. Síðasti áfangi var að endurnýja vél I og hófust framkvæmdir í september 2015 með vinnu í stöðvarhúsinu. Þann 1. nóvember 2016 var ný 3 MW vél tekin í rekstur og þar með lauk aflaukningu virkjunarinnar sem samtals er orðin 11,2 MW.

Það sem háir virkjuninni enn eftir að Mjólká II var byggð, er miðlunarleysi Mjólká I og III. Á árinu 2016 hófst skipulagsvinna vegna Hófsárveitu efri sem hefur tvíþættan tilgang. Í fyrsta lagi er flöskuháls í flutningsgetu Hófsárveitu neðri á sumrin. Í öðru lagi eru betri miðlunarmöguleikar á vatnasviði Hófsár en á vatnasviði Mjólkár eða Borgarhvilftarlækjar. Með því að draga niður í náttúrulegum vötnum og byggja lágar stíflur og veituskurði er hægt að koma upp samtals 5,4 Gl miðlun.

Unnið verður við fyrsta hluta veituskurðanna á árinu 2017 til að koma sumarvatni yfir í Mjólká I og III sem mun auka framleiðslu þeirra frá ágúst og fram í október. Jafnframt mun þetta sumarvatn fækka þeim dögum sem Mjólkárfossar eru þurrir og auka rennslið um þá þegar vélarnar eru fullnýttar.

Borgarhvilftarvatn, inntakslón Mjólkár I

Saga stöðvarhúss við Borgarfjörð

Stöðvarhús Mjólkárvirkjana I og II er sameiginlegt með einum vélarsal og kjallara. Húsið er staðsett fyrir botni Borgarfjarðar í næsta nágrenni við þjóðveg nr. 60. Vélarsalurinn hefur verið lengdur tvisvar, fyrst um 9 metra árið 1975 og svo aftur um 6,3 metra árið 2011. Þá er 25 tonna brúarkrani og keyrslubraut hans tæpir 27 metrar. Árið 2006 var lágbyggingin stækkuð til að bæta starfsmannaðstöðu. Grunnflötur hússins er eftir allar þessar stækkanir 450 m2 og rúmmál hæðar og kjallara 4.356 m3.

Nánar um Mjólká 1A

Samið var við Andritz í Austurríki um vélakaupin, sama framleiðanda og Mjólká II og III. Í stað Pelton vatnshverfils, var ákveðið að velja Francis vél á láréttum ás. Við tegundaskiptin, þá gat snúningshraðinn verið 1.000 í stað 500 sn/mín og rafali því minni um sig. Einnig var hægt að auka fallhæðina um rúma 3 metra með lægri undirvatnshæð vélarinnar.

Stærð rafala er 3.390 kVA frá INDAR á Spáni og var afgreiddur á sameiginlegum stálramma með kasthjóli og þremur burðarlegum sem var nauðsynlegt vegna krafna um mikils þunga kasthjólsins. Rafalaspenna er sú sama og áður eða 6,3 kV. Höfuðloki er með þvermál 600 mm frá TB Hydro Póllandi.

Breyting á stöðvarhúsinu var unnin af Geirnaglanum í Hnífsdal. Vélaruppsetningin unnin af starfsmönnum Orkubús Vestfjarða og undirverktökum. Vinnan hófst í júní 2016 og þá voru túrbínuhús, rafali og höfuðloki steypt fast í stöðvarhúsið. Þann 15. ágúst var gamla vélin stöðvuð og tekin úr rekstri. Byrjað var að aftengja gömlu pípuna frá vél 1 og tengja yfir á nýju vél 1A.

Núverandi pípa er orðin tæplega 60 ára gömul og innan ekki of margra ára verður hún endurnýjuð ásamt inntaksloka. Hámarks afl vélarinnar er 2,8 MW sem er 0,4 MW meira en sú gamla. Hönnunarforsendur vélarinnar taka mið af nýrri pípu og það er ekki fyrr en að þeirri endurnýjun lokinni að hægt verður að komast í 3 MW. Í september hófust svo prófanir en þeim lauk í lok október 2016.

Nýtingarkúrfa Francisvéla er með öðrum hætti en Pelton vélanna. Það hentar ekki að framleiða undir 50% af afli í Francis, en Pelton getur framleitt þess vegna undir 10% af afli með þokkalegri nýtni. Með nýju vélinni breyttist rekstrarfyrirkomulagið þannig að síðla vetrar þegar innrennslið er í lágmarki þá er vélin stöðvuð um helgar og á nóttunni á virkum dögum, en framleitt þeim mun meira á daginn.

Rekstur virkjunarinnar

Við virkjunina starfa fjórir starfsmenn og sjá þeir um daglegan rekstur, viðhald og eftirlit með stöðinni. Einnig hafa þeir umsjón með framleiðslustýringu annarra virkjana utan Mjólkár sem hafa miðlanir og eftirlit með öðrum rekstrareiningum Orkubús Vestfjarða.

Mjólkárvirkjun í gegnum árin

ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA

	Íbúatala 1.12.2016	Breyting frá 1.12.2015	Íbúatala 1.12.2015	Breyting frá 1.12.2014
Svæði I				
Bolungarvík	912	8	904	-23
Ísafjarðarbær	3.614	-3	3.617	-6
Súðavíkurhreppur	186	-5	191	-15
Samtals svæði I	4.712	0	4.712	-44
Svæði II				
Tálknafjarðarhreppur	236	-32	268	-38
Vesturbyggð	1.034	18	1.016	19
Samtals svæði II	1.270	-14	1.284	-19
Svæði III				
Árneshreppur	46	-9	55	1
Bæjarhreppur	90	0	90	0
Kaldrananeshreppur	103	3	100	-9
Reykhólahreppur	276	13	263	-6
Strandabyggð	468	0	468	-5
Samtals svæði III	983	7	976	-19
Vestfirðir samtals	**6.965**	**-7**	**6.972**	**-82**

Heimild: Hagstofa Íslands

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2016

Horft yfir í Arnarfjörð frá Hrafnseyrarheiði

ÁRSREIKNINGUR 2016

ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.

Engidalur

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra 15
Áritun óháðra endurskoðenda 16-17
Rekstrarreikningur 18
Efnahagsreikningur 19
Yfirlit um sjóðstreymi 20
Skýringar 21-27
Starfsþáttayfirlit (óendurskoðað) 28-29

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA

Tilgangur Orkubús Vestfjarða ohf. skv. lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001 er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu og sjá um raforkudreifingu og orkusölu.

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2016 nam hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. 96,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2016 voru alls 8.151 millj. kr. og heildarskuldir alls 2.377 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.774 millj. kr. sem er um 71 % af heildarfjármagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar. Í árslok 2016 voru 69 stöðugildi hjá félaginu.

Hlutafé félagsins nam í árslok 3.050 millj. kr. og er allt í eigu Ríkissjóðs Íslands.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður á árinu 2017 að fjárhæð 60 milljónum króna til hluthafa.

Það er álit stjórnar og orkubússtjóra að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa skýra mynd af stöðu Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2016, rekstrarniðurstöðu ársins og breytingar á handbæru fé á árinu 2016.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2017

Í stjórn

Viðar Helgason
stjórnarformaður

Halla Signý Kristjánsdóttir

Viktoría Rán Ólafsdóttir

Daníel Jakobsson

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Orkubússtjóri

Elías Jónatansson

ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA frh.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 30. mars 2017

Endurskoðendaþjónustan ehf

Sævar Þór Sigurgeirsson
endurskoðandi

Sveinn R. Reynisson
endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Sala	16	2.421.690.499	2.373.774.906
Rekstrargjöld			
